Byggðarráð Norðurþing fjallaði í dag um ofangreinda þingsályktunartillögu og á fundi ráðsins var bókað;

*„Byggðarráð fagnar fram kominni þingsályktunartillögu.*
*Í greinargerðinni með tillögunni segir að flugvöllurinn gegni "lykilhlutverki í tengingu landsbyggðarinnar við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem eru flestar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, og jafnframt við almenna verslun og þjónustu. Flugvöllurinn er einnig mikilvæg miðstöð kennsluflugs, eftirlits og leitar- og björgunarflugs og mikilvægur varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Þá gegnir flugvöllurinn æ stærra hlutverki í tengslum við stóraukna ferðaþjónustu og tækifæri eru til að dreifa ferðamönnum betur um landið í gegnum flugvöllinn."“*

Þessi bókun ráðsins tilkynnist hér með.

Kveðja

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurþings og staðgengill sveitarstjóra